

Umsögn Þjóðleikhússins um tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Umsögn

Þjóðleikhúsið fagnar fram kominni tillögu til þingsályktunar um menningarstefnu og þeim vilja löggjafans að marka aðkomu ríkisins að list- og menningarstarfi stefnu og skilgreina leiðarljós.

Hlutverk ríkisins í menningarmálum snýr einkum að því að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningar og því er tekið undir það sjónarmið að mikilvægt sé að stjórnvöld vandi aðkomu sína að þessum málaflokkum og leiti samráðs við fagaðila um helstu áherslur og stefnumótun.

Í tillögunni er lögð sérstök áhersla á mikilvægi menningarstofnana í samfélaginu og þeim lagðar mjög ríkar skyldur á herðar. Þjóðleikhúsið vill af því tilefni undirstrika mikilvægi þess að starfsemi leikhússins sé á hverjum tíma áætlaður raunhæfur rekstrargrunnur, svo það geta sinnt því mikilvæga og víðtæka hlutverki sem því er ætlað og rækt skyldur sínar við allan almenning í landinu.

Reykjavík, 15. nóvember 2012

Fyrir hönd Þjóðleikhússins



Tinna Gunnlaugsdóttir

Þjóðleikhússtjóri

tinna@leikhusid.is www.leikhusid.is

tel: + 5851200 / mobil: + 8221200